

Lífsánægja samkynhneigðra unglunga í 10. bekk

Sigrún Sveinbjörnsdóttir, Þóroddur Bjarnason,
Ársæll M. Arnarsson og Andrea Hjálmsdóttir
Háskólinn á Akureyri

Megin markmið rannsóknarinnar var að bera saman mat samkynhneigðra og gagnkynhneigðra unglunga á eigin lífsánægju. Notuð voru gögn úr íslenskum hluta alþjóðlegrar könnunnar á heilsu og lífskjörum skólanema (Health Behaviour in School-Aged Children) sem unnin er að tilstuðlan Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO). Helmingur allra nemenda í 10. bekk, alls 1.984 einstaklingar, svöruðu spurningalista þar sem sérstaklega var spurt um samkynhneigð. Lífsánægja nemanna var metin á sjónhendingakvarða. Um 2% bæði stelpna og stráka sögðust hafa verið skotin í einhverjum af sama kyni en 2% stráka og 1% stelpna höfðu sofið hjá einhverjum af sama kyni. Stelpur sem höfðu verið skotnar í öðrum stelpum reyndust marktækt óánægðari með lífið en aðrir hópar. Strákar sem höfðu sofið hjá strákum og stelpur sem hafa sofið hjá stelpum komu einnig marktækt verr út úr lífsánægjumælingunni. Niðurstöður okkar benda til þess að samkynhneigðir unglingar meti lífsánægju sína mun lakari en gagnkynhneigðir jafnaldrar þeirra gera og er lífsánægja samkynhneigðra stelpna síst.

Efnisorð: Unglingar, kynhneigð, lífsánægja, streita minnihlutans.

Á undanföllum tveimur áratugum hefur réttarstaða samkynhneigðra á Íslandi tekið stakkaskiptum og Ísland er nú meðal þeirra þjóða sem náð hafa hvað best að jafna stöðu samkynhneigðra og gagnkynhneigðra (Réttur samkynhneigðra á Íslandi, 2010; Þorvaldur Kristinsson, 2003, 2010). Sýnileiki samkynhneigðra og almenn vitund um samkynhneigð hefur aukist undanfarin ár, sem merkja má m.a. í sífellt aukinni þátttöku almennings í árlegum gleðigöngum (*Gay Pride*) Samtakanna 78 í Reykjavík. Í fyrstu gleðigöngunni árið 1999 tóku um 1500 manns þátt (Þorvaldur Kristinsson, 2010) en 10 árum síðar, í göngu ársins 2009, var fjöldinn áætlaður um 70 – 80 þúsund manns eða um fjórðungur þjóðarinnar (Stærsta gangan til þessa, 2009).

Rannsóknir á heilbrigði, hegðun og líðan samkynhneigðra¹ annars vegar og gagnkynhneigðra hins vegar hafa verið stundaðar um allnokkurt skeið víða um heim. Samkynhneigðir eru ekki einsleitir hópur fólks fremur en gagnkynhneigðir, en þó hefur ítrekað verið sýnt fram á að samkynhneigð ungmenni sem hópur eigi á brattann að sækja og búi

Sigrún Sveinbjörnsdóttir er dósent í sálfræði, Þóroddur Bjarnason er prófessor í félagsfræði, Ársæll M. Arnarsson er dósent í sálfræði og Andrea Hjálmsdóttir er lektor í félagsfræði við Hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri. Fyrirspurnum varðandi greinina skal beina til Sigrúnar Sveinbjörnsdóttur, Háskólinn á Akureyri, Sólborg, Norðurslóð 2, 600 Akureyri. Tölvupóstur: sigrunsv@unak.is.

¹ Í þessari grein er hugtakið samkynhneigð notað yfir þann hóp sem ekki telst gagnkynhneigður. Auk homma og lesbía getu einstaklingar sem gefa vísbendingar um og/eða skilgreina/telja sig tvíkynhneigða, trans hinsegin eða spyrjandi (*lesbian, gay, bisexual, transgender/transsexual, queer/questioning, LGBTQ*, sjá t.d. Clarke og Peel 2007) einnig verið hluti hóps í rannsóknum sem vitnað er til og í hópi íslensku rannsóknarinnar sem greinin fjallar um.

að jafnaði við bágari andlega og líkamlega heilsu en gagnkynhneigðir (sjá t.d. yfirlit Sigrúnar Sveinbjörnsdóttur, 2003 og 2005). Samkynhneigðum unglingum virðist meiri hætta búin en gagnkynhneigðum, þeir þjást margir vegna sálfélagsslegra kvilla af ýmsum toga (Gilman, Cochran, Mays og Hughes, 2001), eru neikvæðari gagnvart skólanum (Russell, Seif og Truong, 2001) og neyta oftarmiefa (Russell, Driscoll og Truong, 2002), auk þess sem sjálfsvígstilraunir og sjálfsvíg eru tíðari í þeirra hópi en meðal gagnkynhneigðra unglunga (Morrison og L'Heureux, 2001).

Rannsóknir á hlutskipti og heilsufari samkynhneigðra eru aðferðafræðilega erfiðar og hafa sætt nokkurri gagnrýni vegna þess hvernig staðið er að því að skilgreina og velja þátttakendur, sem oft er hentugleikaúrtak. Jafnframt hefur verið gagnrýnt hvernig sjónum er beint að því sem miður fer og allir einstaklingar sem ekki eru gagnkynhneigðir flokkaðir saman sem væri um einsleitan hóp í vanda að ræða (Savin-Williams, 2001; Meyer, 2003). Savin-Williams (2001) færir rök fyrir því að samkynhneigðir unglingar kunni að vera sundurleitari hópur og einnig mun fleiri en kannanir gefi til kynna. Hugsanlegt sé að sumir hafi ekki áttað sig á kynhneigð sinni og að enn aðrir kunni að hafa áttað sig án þess að vera komnir úr felum, vilji ef til vill ekki samsama sig með ungu fólki sem einatt er sagt í vanda. Savin-Williams bendir á að sjaldnast sé þessa getið þegar niðurstöður rannsókna eru kynntar og því kunni svo vel að vera að þeir sem fyrstir koma úr felum lendi oftarmiefa í slæmum aðstæðum og séu þá þeir sem verst verða úti og jafnframt þeir sem taka þátt í rannsóknum.

Skilgreiningar á samkynhneigð og spurningar um kynhneigð í rannsóknum þar að lútandi hafa í gegnum tíðina verið margvíslegar (Lesbian, Gay, and Bisexual (LGB) Youth Sexual Orientation Measurement Work Group, 2003). Kynhneigð hefur ýmist verið metin með einni spurningu þar sem spurt er um annað hvort kynhegðun, svo sem samfarir, eða rómantískar tilfinningar, svo sem að vera skotin/n, eða hreinlega með einni og þá beinni spurningu

um hvort svarendur telji sig gagnkynhneigða, tvíkynhneigða eða samkynhneigða. Í öðrum tilvikum hafa rannsakendur spurt um fleira en eitt þessara atriða (Igartua, Thombs, Burgos og Montoro, 2009). Umbúðarlausar spurningar til ungs fólks um kynhneigð þeirra eru taldar óheppilegar og jafnvel fráhrindandi í einhverjum tilvikum. Ástæðan er einkum talin sú að samkynhneigðir einstaklingar átti sig gjarnan á eigin kynhneigð smám saman, um sé að ræða ferli þar sem margir ytri og innri þættir hafi áhrif á vitund hvers og eins um eigin staðsetningu á svonefndu kynhneigðarrófi, þ.e. rófi sem spannar mörg blæbrigði kynhneigðar frá gagnkynhneigð til samkynhneigðar (sjá t.d. Saewyc o.fl., 2004). Til að auka líkur á að finna ungt samkynhneigt fólk í hópi svarenda, ekki síst unglunga, er þess vegna mælt með því að hafa a.m.k. tvær aðskildar spurningar, aðra um kynlífshegðun og hina um rómantískar tilfinningar í garð annarra og að hver sá/sú sem svarar annarri eða báðum sem samkynhneigð/ur teljist til þess hóps (Igartua o.fl., 2009; Saewyc o.fl., 2004). Með því að spyrja um rómantískar tilfinningar má einnig ná til þeirra sem ekki hafa stundað kynlíf og freista þess að ná til einstaklinga sem hafa óljósa tilfinningu fyrir eða mynd af kynhneigð sinni.

Til að draga úr líkum á skekkjum í úrtaki og til þess að ná til samkynhneigðra ungmenna almennt er mikilvægt að úrtök endurspegli þýði unglunga og spurt sé um kynhneigð með sama hætti og algengar lýðfræðibreytur. Þannig rannsóknir voru sjaldséðar fyrir þúsaldamót og eru enn fátíðar þótt þeim fjölgi hægt og bítandi. Niðurstöður þessara fáu stóru rannsókna eru hins vegar oftarmiefa en ekki sambærilegar fyrri og oft ófullkomnari rannsóknum á högum og heilsu samkynhneigðra ungmenna. Ein fyrsta rannsóknin með ásættanlegan fjölda þátttakenda í 9. til 12. bekk var framkvæmd í Minnesota í Bandaríkjunum árið 1987. Sú rannsókn leiddi m.a. í ljós töluverða fylgni á milli sjálfsvígshættu og kynhneigðar, hæsta fyrir samkynhneigða piltar (Remafedi, French, Story, Resnick og Blum, 1998). Á svipuðum tíma birtust upplýsingar frá tveimur almennum

rannsóknnum um heilsu og líðan unglunga sem náðu til stórra úrtaka í Massachusetts, sú fyrri árið 1993, hin síðari árið 1995. Helstu niðurstöður rannsóknanna tveggja voru í anda allflestra fyrri rannsókna, sem sé þær að samkynhneigði hópurinn ætti á hættu umfram gagnkynhneigða félaga að skaðast, veikjast eða láta lífið vegna ofbeldis, vímuefnaneyslu og sjálfsvígshæðunar (Faulkner og Cranston, 1998). Á þessum tíma þótti ljóst orðið að samkynhneigð ungmenni væru í hættu og kallað var eftir ábyrgri stefnu yfirvalda til forvarna (Garofalo, Wolf, Kessel, Palfrey og DuRant, 1998). Skömmu síðar birtust niðurstöður vestanhafs frá fyrstu rannsókninni á heilsufari unglunga sem endurspeglaði öll Bandaríkin. Þar kom enn og aftur fram að samkynhneigð ungmenni þjóðarinnar verði oftar vitni að, verði fyrir eða taki þátt í ofbeldi en gagnkynhneigðir (Russell, Franz og Driscill, 2001) og að þau séu jafnframt mun líklegri en gagnkynhneigðir félagar þeirra til að íhuga eða reyna sjálfsvíg (Russell og Joyne, 2001).

Evrópskar unglingarannsóknir sem taka til stórra hópa innihalda almennt ekki kynhneigðarbreytur. Undantekning frá því er rannsókn Hegna og Rossow (2007) sem tók til tæplega sex þúsund norskra nemenda á aldrinum 16 til 19 ára og greindi sérstaklega tengsl kynhneigðar og vímuefnaneyslu. Meginniðurstaða þeirra var í samræmi við aðrar sambærilegar rannsóknir frá Bandaríkjunum, það er að samkynhneigðir unglingar neyttu þrisvar sinnum meiri ólöglegra vímuefna en gagnkynhneigðir. Niðurstöður ýmissa norrænna stórra rannsókna um heilbrigði samkynhneigðra einstaklinga á ólíkum aldri vísa einnig í sömu átt (sjá t.d. Statens Folkhälsoinstitut, 2005; Hegna, Kristiansen og Moseng 1999; Hanner, 2002; Winzer og Boström, 2007).

Bág staða samkynhneigðra unglunga hefur oftar en ekki verið rakin til þátta og viðhorfa í samfélagi sem lög viðkomandi lands hafa gjarnan endurspeglad (sjá t.d. Garofalo og fl., 1998, Hegna og fl., 1999). Þótt bág staða samkynhneigðra unglunga sé vel skjalfest hefur lífsánægja þeirra lítið sem ekkert verið til

umfjöllunar það vitað er. Í þeirri einu grein sem fannst við leit að rannsóknnum á lífsánægju ungra samkynhneigðra einstaklinga voru niðurstöður á samanburði samkynhneigðra og tvíkynhneigðra háskólanema í löndunum Kúbu, Indlandi, Noregi og Suður Afríku þær, að lífsánægja hvers og eins í þessum hópum var því meiri sem almenn viðhorf til þeirra í samfélaginu eru jákvæðari (Martinussen, Vittersö og Saini, 2009). Almennt hefur lífsánægju samkynhneigðra unglunga ekki verið gerð sérstök skil á fræðasviðinu og því er óljóst hvernig henni er háttað og jafnframt ljóst að þar er verk að vinna.

Réttarstaða samkynhneigðra á Íslandi hefur tekið stakkaskiptum hin síðari ár. Hvort samkynhneigðir íslenskir unglingar meta eigin lífsánægju á svipaðan hátt og gagnkynhneigðir jafnaldrar er aftur á móti ekki vitað en meginmarkmið rannsóknarinnar sem hér verður greint frá er að afla þeirra upplýsinga. Í rannsókninni er stuðst við aðferðafræði sem mælt er með innan fræðasviðsins nú á tímum. Í fyrsta lagi er hún byggð á tilviljunarúrtaki nærri helmings allra nemenda í 10. bekk og endurspeglar því þýðið mun betur en flestar fyrri rannsóknir um samkynhneigða. Í öðru lagi er ekki spurt beint um kynhneigð heldur tveimur spurningum beitt til að bera kennsl á samkynhneigða unglunga, það er þá sem hafa orðið skotnir í eða sofið hjá einhverjum af sama kyni. Þá er lífsánægja þessa hóps með beinum hætti borin saman við annars vegar þann hóp unglunga sem hafa verið skotnir í einhverjum eða sofið hjá einhverjum af gagnstæðu kyni og hins vegar þann hóp sem hvorki hefur verið skotinn né hefur sofið hjá við lok 10. bekkjar.

Aðferð

Þátttakendur

Rannsóknin *Heilsa og lífskjör skólanema* er íslenskur hluti alþjóðlegs verkefnis (Health Behaviour in School-Aged Children; HBSC) sem unnin er að tilstuðlan Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO). Þetta er ein viðamesta rannsókn samtímans á

sviði heilsu og heilsutengdrar hegðunar ungs fólks og er gögnum safnað á fjögurra ára fresti frá nemendum í 6., 8. og 10. bekk (Currie, Samdal, Boyce og Smith, 2008). Alls tók 41 land þátt árið 2006, en í þessari grein er unnið úr íslenskum hluta niðurstaðna frá nemendum í 10. bekk. Allir skólar á Íslandi sem í voru namar á þessum aldri, að undanskildum sérskólum, tóku þátt. Alls var lagt fyrir í 771 bekk í 166 skólum í febrúar og mars 2006 og var svarhlutfall 86% af öllum skráðum nemendum í 6., 8. og 10. bekk.

Spurningalistinn sem lagður var fyrir 10. bekk er lengri en sá sem lagður var fyrir yngri börnin og m.a. spurt sérstaklega um atriði sem tengjast þáttum eins og kynhneigð og kynhegðun. Í 10. bekk voru jafnframt notaðar tvær gerðir spurningalista og var þessum tveimur gerðum dreift tilviljunarkennt til nemenda við fyrirlögn. Helmingur nemenda svaraði því hinum staðlaða HBSC lista þar sem einungis var spurt um gagnkynhneigða kynlífsreynslu en helmingur svaraði breyttri útgáfu þar sem sérstaklega var leitað eftir samkynhneigð. Í þessari grein er einungis fjallað um gögn sem fengust frá þeim nemendum í 10. bekk sem svöruðu síðarnefnda listanum. Alls svöruðu 1.001 strákur og 983 stelpur spurningum um kynhneigð í þeim lista eða 1984 nemendur samanlagt. Af þeim voru 3 nemendur (0,1%) fæddir 1988, 7 (0,3%) fæddir 1989, 1952 (96,5%) fæddir 1990, 13 (0,6%) fæddir 1991 en 37 (2,3%) gáfu ekki upp fæðingarár sitt.

Mælitæki

Til að mæla rómantískar gagnkynhneigðar og samkynhneigðar tilfinningar var spurt: „Hefur þú einhvern tíma verið skotin(n) í einhverjum“ og svarmöguleikarnir voru þrír: „Nei“, „Já, í strák“ eða „Já, í stelpu“. Svörin voru síðan keyrð á móti spurningu um kyn svaranda í upphafi spurningalistans til þess að greina á milli (1) stráka og (2) stelpna sem aldrei höfðu verið skotin í neinum, (3) stráka og (4) stelpna sem höfðu verið skotin í einhverjum af sama kyni og (5) stráka og (6) stelpna sem höfðu verið skotin í einhverjum

af gagnstæðu kyni. Með sama hætti var spurt um kynhegðun: „Hefur þú einhvern tímann haft samfarir (stundum kallað að sofa hjá)?“ og voru svarmöguleikarnir „Nei“, „Já, með strák“ eða „Já, með stelpu“ og greint á milli sex flokka svarenda. Örfáir nemendur sögðust hafa verið skotnir í eða hafa sofið hjá bæði strák og stelpu. Þar sem þeir voru of fáir til sérstakrar greiningar voru þeir flokkaðir með þeim sem höfðu verið skotnir í eða höfðu sofið hjá einhverjum af sama kyni.

Lífsánægja þátttakenda (Cantril, 1965) var metin með sjónhendingar-kvarða (*visual analog scale*). Fyrirmælin voru svohljóðandi: „Hér er mynd af stiga. Efst í stiganum er talan ‘10’ sem táknar besta hugsanlega lífið sem þú gætir átt og neðst er talan ‘0’ sem táknar versta hugsanlega lífið sem að þú gætir átt. Hvar í þessum stiga er líf þitt núna? Merktu í reitinn hjá þeirri tölu sem lýsir lífi þínu best“. Þessi sjónhendingarkvarði hefur verið notaður í fjölda rannsókna á lífsánægju barna (t.d. Desousa, Murphy, Roberts og Anderson, 2008; Iannotti, Jansen, haug, Kololo, Annaheim og Barraccino, 2009; Malcho, Gabhainn, Kelly, Friel og Keller, 2007; van Kooten, de Ridder, Vollebergh og van Dorsselaer, 2007) og fullorðinna (t.d. Ball og Chernova, 2008; Deaton og Arora, 2009; Hermann, 2007; Pouwels, Siegers og Vlasblom, 2008).

Jafnframt var stjórnað áhrifum efnahagslegrar stöðu fjölskyldunnar og tengsla við fjölskyldu, vini og skólann. Efnahagsleg staða fjölskyldunnar byggði á huglægu svari nemenda við spurningunni „Hversu gott telur þú fjölskyldu þína hafa það fjárhagslega?“ (Currie o.fl., 2001). Svarmöguleikar voru kóðaðir á fimm punkta kvarða (1: Mjög slæmt; 5: Mjög gott). Tengsl skólanema við foreldra sína voru mæld með svörum við því hversu auðvelt þau ættu með að fá (1) hlýju og umhyggju eða (2) andlegan stuðning frá mömmu eða pabba (Þórólfur Þórlindsson og Þóroddur Bjarnason, 1998). Svarmöguleikar voru kóðaðir á fimm punkta kvarða (1: Nær aldrei; 5: Nær alltaf). Há fylgni var á milli þessara tveggja mælinga ($r=0,79$) og var summa

þeirra notuð sem mælikvarði á sterk tengsl við foreldra. Tengsl við besta vin voru mæld með svörum við því hversu auðvelt þau ættu með að fá (1) hlýju og umhyggju eða (2) andlegan stuðning frá besta vin eða vinkonu (Þórólfur Þórlindsson og Þóroddur Bjarnason, 1998). Svarmöguleikar voru kóðaðir á fimm punkta kvarða (1: Nær aldrei; 5: Nær alltaf). Há fylgni var á milli þessara tveggja mælinga ($r=0,88$) og var summa þeirra notuð sem mælikvarði á sterk tengsl við besta vin. Tengsl við skóla voru mæld með svörum við því hvernig þeim (1) liði í skólanum og (2) líkaði í skólanumv (1: Mjög illa; 5: Mjög vel). Há fylgni var á milli þessara tveggja mælinga ($r=0,70$) og var summa þeirra notuð sem mælikvarði á sterk tengsl við skólann. Einnig voru þátttakendur spurðir um aldur og kyn.

Framkvæmd

Rannsóknarsetur forvarna við Háskólann á Akureyri sá um framkvæmd HBSC verkefnisins hér á landi (Þóroddur Bjarnason, Stefán H. Jónsson, Kjartan Ólafsson, Andrea Hjálmsdóttir og Aðalsteinn Ólafsson, 2006).

Úrvinnsla gagna

Unnið var úr gögnunum með t-prófum á mismun hlutfalla og aðhvarfsgreiningu með leppbreytum (Kohout, 1974). Grunnlíkanið, líkan 1a (strákar) og 1b (stelpur), er $\hat{y} = b_0 - b_1x_1 + b_2x_2 + b_3x_3 + b_4x_4 + b_5x_5$ þar sem \hat{y} er spágildið og b_0 er fasti líkansins. Í þessari jöfnu er b_1 stuðull fyrir efnahagslega stöðu fjölskyldunnar, b_2 stuðull fyrir áhrif þess að hafa verið skotinn í einhverjum af gagnstæðu kyni, b_3 stuðull fyrir að hafa verið skotinn í einhverjum af sama kyni, b_4 að hafa sofið hjá einhverjum af gagnstæðu kyni og b_5 stuðull fyrir áhrif þess að hafa sofið hjá einhverjum af sama kyni. Leppbreyturnar b_2 - b_5 taka gildið 1 ef viðkomandi einstaklingur hefur verið skotinn í einhverjum af gagnstæðu kyni (x_2) eða sama kyni (x_3) eða sofið hjá einhverjum af gagnstæðu kyni (x_4) eða sama kyni (x_5) en taka annars gildið 0. Þessi grunnjafna gefur spágildi fyrir lífsánægju unglunga í einstökum

hópum eftir kyni og kynhneigð að teknu tilliti til efnahagslegrar stöðu fjölskyldunnar.

Til þess að meta að hve miklu leyti lífsánægja unglunga í einstökum hópum er háð tengslum þeirra eru við foreldra, vini og skóla er grunnjafnan þannig útvíkkuð, líkan 2a (strákar) og 2b (stelpur) $\hat{y} = b_0 - b_1x_1 + b_2x_2 + b_3x_3 + b_4x_4 + b_5x_5 + b_6x_6 + b_7x_7 + b_8x_8$. Í þessari jöfnu er stjórnað áhrifum tengsla unglunganna við foreldra (x_6), vini (x_7) og skóla (x_8) en þannig er hægt að meta hvort og að hve miklu leyti samband kynhneigðar við lífsánægju er háð félagslegum tengslum einstaklinganna. Ekki er með þessu gert ráð fyrir því að félagsleg tengsl orsaki kynhneigð, heldur geti áhrif kynferðislegra þátta á lífsánægju allt eins stafað að hluta til af styrk félagslegra tengsla. Fyrir hvern stuðul b_i er marktækni kynjamunar $b_{\Delta i, kyn}$ reiknuð sem

$$b_{\Delta i, kyn} = (b_{i, stelpur} - b_{i, strákar}) \pm 1,96 \sqrt{\sigma_{i, stelpur}^2 + \sigma_{i, strákar}^2}$$

þar sem $b_{i, strákar}$ er stuðull i fyrir stráka, $b_{i, stelpur}$ er stuðull i fyrir stelpur, $\sigma_{i, strákar}^2$ er staðalfrávik stuðuls i fyrir stráka og $\sigma_{i, stelpur}^2$ er staðalfrávik i fyrir stelpur.

Niðurstöður

Í töflu 1 kemur fram að 6% stráka og 3% stelpna segjast aldrei hafa verið skotin í neinum og er það tölfræðilega marktækur munur ($CI_{95\%}: 3,3\% \pm 1,8\%$). Um 92% stráka og 95% stelpna hafa einhvern tímann verið skotin í einhverjum af gagnstæðu kyni og eru stelpur marktækt líklegri til þess ($CI_{95\%}: 3,5\% \pm 2,2\%$). Um 2% bæði stráka og stelpna höfðu hins vegar verið skotin í einhverjum af sama kyni, þar af sögðust um 1% stelpna og innan við hálf prósent stráka hafa verið skotin í bæði strák og stelpu. Sá munur er ekki tölfræðilega marktækur.

Um 72% stráka og 63% stelpna höfðu aldrei sofið hjá neinum og er sá munur tölfræðilega

1. tafla. Hlutfall stráka og stelpna sem hafa verið skotin í og sofið hjá einhverjum af gagnstæðu og eða af sama kyni, lífsánægjustuðull eftir kyni.

	Strákar (N = 1001)	Stelpur (N = 893)
Verið skotin/n í einhverjum		
- Nei	6,0%	2,7%
- Skotin/n í stelpu	92,2%	2,0%
- Skotin/n í strák	2,2%	96,3%
Sofið hjá einhverjum		
- Nei	71,6%	63,1%
- Sofið hjá stelpu	26,3%	1,0%
- Sofið hjá strák	2,4%	36,5%
Lífsánægja		
- Meðaltal ^a	7,53	7,35
- Staðalfrávik	1,90	2,01

Aths.^a Skalinn er á bilinu 0 til 10.

marktækur (CI_{95%}: 8,5%±4,1%). Um 26% strákanna og 36% stelpnanna höfðu sofið hjá einhverjum af gagnstæðu kyni og eru stelpur marktækt líklegri til þess (CI_{95%}: 9,9%±4,1%). Rúm 2% strákanna og 1% stelpnanna höfðu hins vegar sofið hjá einhverjum af sama kyni. Um hálf prósent stelpnanna og innan við hálf prósent strákanna höfðu sofið hjá bæði strákum og stelpum. Sá munur er ekki tölfræðilega marktækur.

Í töflu 2 kemur fram að mat unglínganna á efnahagslegri stöðu hefur marktæk áhrif á lífsánægju þeirra. Í líkani 1 eykst lífsánægja stráka um 0,5 þrep ($p < 0,001$) og stelpna um 0,7 þrep ($p < 0,001$) fyrir hvert stig á fimm punkta kvarða efnahagslegrar stöðu. Þessi munur á styrk sambandsins fyrir stráka og stelpur er tölfræðilega marktækur ($p < 0,05$). Þetta samband skýrist að hluta til af veikari tengslum við fjölskyldu, vini og skóla. Þegar þessir þættir hafa verið teknir með í jöfnuna í líkani 2 eykst lífsánægja stráka um 0,2 þrep ($p < 0,001$) en stelpna um 0,4 þrep ($p < 0,001$) fyrir hvert stig efnahagslegrar stöðu. Í líkani 2 er munur á styrk sambandsins fyrir stráka og stelpur ekki tölfræðilega marktækur ($p > 0,05$).

Stærkari tengsl við foreldra, vini og skóla hafa í flestum tilvikum marktæk jákvæð áhrif

á lífsánægju bæði stelpna og stráka. Að teknu tilliti til annarra þátta í líkani 2 eykst lífsánægja stráka um 0,2 þrep ($p < 0,001$) og stelpna um 0,3 þrep ($p < 0,001$) fyrir hvert stig á níu punkta kvarða jákvæðra tengsla við foreldra. Þessi munur á styrk sambandsins fyrir stráka og stelpur er tölfræðilega marktækur ($p < 0,01$). Með sama hætti eykst lífsánægja bæði stráka og stelpna um 0,5 þrep ($p < 0,001$) fyrir hvert stig á níu punkta kvarða jákvæðra tengsla við skóla og er þar enginn kynjamunur. Hins vegar eykst lífsánægja stelpna un innan við 0,1 þrep ($p < 0,05$) fyrir hvert stig á níu punkta kvarða jákvæðra tengsla við besta vin og tengsl við besta vin tengist ekki marktækt ($p > 0,05$) lífsánægju stelpna.

Það að hafa verið skotin í einhverjum af gagnstæðu kyni tengist hvorki lífsánægju stráka né stelpna. Lífsánægja stráka sem hafa verið skotinir í öðrum strákum er heldur ekki marktækt frábrugðin lífsánægju annarra stráka. Í líkani 1 eru stelpur sem hafa verið skotnar í öðrum stelpum 2,6 þrepum ($p < 0,001$) lægri en aðrar stelpur. Lakari tengsl við fjölskyldu og skóla skýra þennan mun að hluta, en þær eru engu að síður 1,8 þrepum ($p < 0,001$) lægri en aðrar stelpur í líkani 2. Kynjamunur í áhrifum þess að hafa verið skotin/n í einhverjum af sama kyni á lífsánægju er tölfræðilega marktækur í

2. tafla. Lífsánægja 15–16 unglunga eftir kyni og kynhneigð að teknu tilliti til efnahagslegrar stöðu fjölskyldunnar (Líkan 1a og 1b) og að teknu tilliti til félagslegra tengsla (Líkan 2a og 2b).

	Strákar		Stelpur	
	Líkan 1a ¹ Stuðull ³ (staðalvilla)	Líkan 2a ² Stuðull ³ (staðalvilla)	Líkan 1b ¹ Stuðull ³ (staðalvilla)	Líkan 2b ² Stuðull ³ (staðalvilla)
Skurðpunktur	5,21*** (0,37)	0,99* (0,40)	5,16*** (0,38)	0,07 (0,46)
Mat á efnahagslegri stöðu fjölskyldunnar	0,53*** (0,07)	0,24*** (0,06)	0,73*** (0,07)	0,36*** (0,06)
Skotin/n í einhverjum af gagnstæðu kyni	-0,04 (0,25)	-0,27 (0,22)	-0,26 (0,37)	-0,41 (0,31)
Skotin/n í einhverjum af sama kyni	0,18 (0,50)	-0,01 (0,44)	2,57*** (0,57)	-1,78*** (0,47)
Sofið hjá einhverjum af gagnstæðu kyni	-0,26 (0,14)	-0,08 (0,12)	-0,78*** (0,12)	-0,47*** (0,10)
Sofið hjá einhverjum af sama kyni	-0,92* (0,58)	0,30 (0,50)	-1,72*** (0,65)	-1,46** (0,54)
Tengsl við foreldra		0,20*** (0,03)		0,31*** (0,03)
Tengsl við vini		0,05* (0,03)		-0,01 (0,03)
Tengsl við skóla		0,47*** (0,04)		0,47*** (0,04)
R ²	0,07	0,32	0,19	0,44

Aths. * $p < 0,05$; ** $p < 0,01$; *** $p < 0,001$. ¹Líkan 1 a og b = spágildi fyrir lífsánægja unglunga eftir kyni og kynhneigð að teknu tilliti til efnahagslegrar stöðu fjölskyldunnar. ²Líkan 2 a og b = útvíkkun á Líkani 1, mat á að hve miklu leyti samband kynhneigðar við lífsánægju er háð félagslegum tengslum. ³Stuðull = óstaðlaður stuðull aðhvarfsgreiningar.

bæði líkani 1 ($p < 0,001$) og líkani 2 ($p < 0,001$).

Lífsánægja stráka sem hafa sofið hjá stelpum er ekki marktækt frábrugðin lífsánægju annarra stráka. Hins vegar eru stelpur sem hafa sofið hjá strákum 0,8 þrepum ($p < 0,001$) lægri en aðrar stelpur og er sá kynjamunur tölfræðilega marktækur ($p < 0,05$). Lakari tengsl við fjölskyldu, og skóla skýra þennan mun að hluta, en þær eru engu að síður 0,5 þrepum ($p < 0,001$) lægri en aðrar stelpur í líkani 2. Þeir

strákar sem hafa sofið hjá öðrum strákum eru 0,9 þrepum lægri í lífsánægju en aðrir strákar ($p < 0,001$) en sá munur skýrist að fullu með tilvísan til lakari tengsla við fjölskyldu, vini og skóla í líkani 1. Stelpur sem hafa sofið hjá öðrum stelpum eru 1,7 þrepum lægri ($p < 0,001$) í lífsánægju en aðrar stelpur. Sá munur skýrist hins vegar ekki nema að litlu leyti af lakari tenglum og er þessi hópur stúlkna 1,5 þrepum lægri ($p < 0,001$) hvað lífsánægju varðar en aðrar stúlkur í líkani 2. Kynjamunur

í áhrifum þess að hafa sofið hjá einhverjum af sama kyni á lífsánægju er tölfræðilega marktækur í bæði líkani 1 ($p < 0,05$) og líkani 2 ($p < 0,05$).

Áður en tengslum við foreldra, vini og skóla hefur verið stjórnað er spálíkanið fyrir stráka $\hat{y}_{strákar} = 5,21 + 0,53 * x_1 - 1,44 * x_5$. Samkvæmt því er til dæmis lífsánægja stráks í lægsta þrepi efnahagslegrar stöðu sem sofið hefur hjá öðrum strák að meðaltali 4,3 en lífsánægja stráks í hæsta þrepi efnahagslegrar stöðu sem ekki hefur sofið hjá öðrum strák að meðaltali 7,9. Þetta líkan skýrir 7% af dreifingu lífsánægju meðal stráka. Þegar tengslum við $\hat{y}_{strákar} = 0,99 + 0,24 * x_1 + 0,20 * x_6 + 0,05 * x_7 + 0,47 * x_8$. Foreldra, vini og skóla er bætt við jöfnuna verður spálíkanið fyrir stráka. Samkvæmt því er til dæmis lífsánægja stráks í lægsta þrepi efnahagslegrar stöðu sem er í mjög lélegum tengslum við foreldra, besta vin og skóla að meðaltali 2,7 en lífsánægja stráks í hæsta þrepi efnahagslegrar stöðu sem er í mjög góðum tengslum við foreldra, besta vin og skóla að meðaltali 9,4. Þetta líkan skýrir 32% af dreifingu lífsánægju meðal stráka.

Áður en tengslum við foreldra, vini og skóla hefur verið stjórnað er spálíkanið fyrir stelpur hins vegar $\hat{y}_{stelpur} = 5,16 + 0,73 * x_1 - 2,57 * x_3 - 0,78 * x_4 - 1,72 * x_5$. Samkvæmt því líkani er lífsánægjan að meðaltali 8,9 stig meðal þeirra stelpna sem búa við bestu fjárhagsstöðuna og hafa hvorki verið skotnar í öðrum stelpum né sofið hjá strákum eða stelpum. Meðal þeirra sem búa við lökustu fjárhagsstöðuna er meðaltalið 3,4 stig ef þær hafa orðið skotnar í annarri stelpu, 5,2 stig ef þær hafa sofið hjá strák en 4,3 ef þær hafa sofið hjá stelpu. Þetta líkan skýrir 19% af dreifingu lífsánægju meðal stelpna.

Þegar tengslum við foreldra, vini og skóla er bætt við jöfnuna verður spálíkanið fyrir stelpur $\hat{y}_{stelpur} = 0,36 * x_1 - 1,78 * x_3 - 0,47 * x_4 - 1,46 * x_5 + 0,31 * x_6 + 0,31 * x_6$. Samkvæmt því líkani er lífsánægjan að meðaltali hæst 9,7 stig meðal þeirra stelpna sem búa við bestu fjárhagsstöðuna, hafa hvorki verið skotnar í öðrum stelpum né sofið hjá strákum eða stelpum

og eru í bestu tengslunum við foreldra, besta vin og skólann. Meðal þeirra sem búa við lökustu fjárhagsstöðuna og eru í lökustum tengslum við foreldra, besta vin og skólann er meðaltalið 2,6 stig ef þær hafa orðið skotnar í annarri stelpu, 2,9 stig ef þær hafa sofið hjá strák en 1,9 ef þær hafa sofið hjá stelpu. Þetta líkan skýrir 44% af dreifingu lífsánægju meðal stelpna.

Umræða

Á undanförunum áratugum hefur safnast allmikil þekking á andlegri og líkamlegri heilsu samkynhneigðra ungmenna og hefur margt bent til þess þau eigi á brattann að sækja og að umhverfisáhrif geti verið þeim skaðleg. Hins vegar hafa ekki verið gerðar rannsóknir hérlendis eða erlendis það vitað er, þar sem borið er saman mat samkynhneigðra og gagnkynhneigðra unglunga á eigin lífsánægju. Þessi rannsókn er því sú fyrsta sem dregur upp mynd af þessum þætti. Niðurstöðurnar eru á þá leið að samkynhneigðir unglingar meta eigin lífsánægju mun lakari en gagnkynhneigðir jafnaldrar þeirra gera og einnig að kynjamunur sé á sambandi kynhneigðar við lífsánægju, lakast meta samkynhneigðar stelpur lífsánægju sína. Strákar sem hafa sofið hjá öðrum strákum eru ekki jafn ánægðir með lífið og aðrir strákar, en hvorki er að finna áhrif af því að strákar hafi sofið hjá stelpu eða verið skotnar í strák eða stelpu. Jafnframt virðast áhrif þess að hafa sofið hjá öðrum strák vera bundin veikari tengslum við foreldra, besta vin og skólann. Stelpur sem hafa orðið skotnar í öðrum stelpum eða hafa sofið hjá öðrum stelpum eru umtalsvert óánægðari með lífið en aðrar stelpur, og það sama á við um stelpur sem hafa sofið hjá strákum. Hvað stelpur varðar skýra veikari tengsl við foreldra og skóla þetta samband að nokkru en ekki öllu leyti. Þótt engar rannsóknir finnist á samanburði lífsánægju samkynhneigðra og gagnkynhneigðra unglunga þá má telja að þessar niðurstöður séu í samræmi við þær rannsóknir sem almennt vísa til lakari andlegrar, líkamlegrar og félagslegrar stöðu samkynhneigðra.

Áður hefur verið á það bent að samkynhneigt ungt fólk sem býr í eigin landi við lagalegt umhverfi þeim í hag séu ánægðari með eigið líf en þeir sem búa við skert réttindi (Martinussen, Vittersö og Saini, 2009). Lagabreytingar á Íslandi hafa aukið rétt samkynhneigðra en af niðurstöðum þessarar rannsóknar má ætla að það dugi unglingum skammt og að lífsánægja þeirra sem hóps sé undir fleiri þáttum komin.

Nú er vel þekkt að unglingsárin eru viðkvæm sökum marghátaðra verkefna sem tengjast vitsmuna- og líkamsþroskabreytingum en ekki síst vegna félagslegra þátta (sjá t.d. Santrock, 2008). Unglingur, sem áttar sig á að eigin kynhneigð fellur utan þeirrar viðteknu þarf að takast á við enn eitt verkefnið á viðkvæmu þroskaskeiðinu. Í leit að stuðningi á þessum mótunarárum snúa ungmennin sér almennt að jafnöldrum í ríkara mæli en á nokkru öðru skeiði. Þau eru saman á báti ólík börnum og ólík fullorðnum, hafa einungis reynslu barnsins á að byggja en þurfa hröðum skrefum að glíma við líkama og hug hins fullorðna. Unglingarnir máta sig hvert við annað og finna styrk hvert hjá öðru, en hvar finna samkynhneigðir unglingar öryggi til að þróa kynvitund sína (*sexual identity*)?

Meyer (2003) bendir á, að samkynhneigðir þurfi að búa við það sem hann nefnir streitu minnihlutans (*minority stress*). Hann á þar við að fólk sem ekki fellur að meirihlutanum í veigamiklum efnem sem snerta innsta kjarna tilveru þeirra, þar með talið kynhneigð, þurfi að búa við aðstæður sem henta þörfum meirihluta, án þess að sá meirihluti eða ráðandi afl endilega átti sig á að til sé minnihluti, hvað þá að hann sé misrétti beittur. Streita minnihlutans er að því leyti sérstök að hún bætist ofan á daglegt amstur sem allir lifa við og einnig að hún er viðvarandi í daglegu lífi sem hluti af menningunni. Að lifa við félagslega brennimerkingu (*stigma*), fordóma og mismunun veldur álagi sem veikir varnir þess sem fyrir verður og eykur líkur á vanheilsu þótt einstaklingsbundin þrautseigja og aðrir varnarþættir geti spornað gegn eyðileggingamætti minnihlutastreitunnar (Bronfenbrenner, 2006; Morrison og L'Heureux, 2001, Rutter, 2006).

Á síðustu árum hafa rannsóknir bent til þess að minnihlutastreita valdi skaða. Til dæmis voru áhrif minnihlutastreitu könnuð hjá 301 einstaklingi á bilinu 16 til 24 ára á Írlandi. Niðurstöður leiddu í ljós að áhrif af þvingandi félagslegu umhverfi, þar með talið félagsleg brennimerking tengd sjálfsmynd samkynhneigðra, voru neikvæð og sköðuðu heilsu (Kelleher, 2009). Í Kaliforníu kom fram í samtölum við 15 lesbíur á unglingsaldri að einangrun, skortur á viðurkenningu og áreiti, jafnvel einelti, væru helstu hindranirnar í vegi fyrir heilbrigðum þroska sjálfsmyndar ungra lesbía. Þá upplifðu þær þrýsting frá umhverfinu um að hegða sér samkvæmt tilteknum siðum, það er út frá viðmiðum gagnkynhneigðar í stóru og smáu (*heterosexism*) sem þeim fannst þrúgandi (Pendragon, 2010). Í nýútgefnum niðurstöðum langtímarannsóknar frá New York um þróun sjálfsmyndar 14 til 21 árs gamalla samkynhneigðra ungmenna kom í ljós, að því betur sem ungmennin höfðu samsamað sig sjálfum sér (*identity integration*), þeim mun styrkari var sjálfsvirðing þeirra og því færri voru vandamál á borð við þunglyndi, kvíða og hegðunarraskanir (Rosario, Schrimshaw og Hunter, 2009). Þessir höfundar halda því fram að samkynhneigð ungmenni sem finni sjálfsmynd sinni ekki farveg vegna óhagstæðra umhverfisþátta þurfi að glíma við sálfræðilegan vanda. Þeim vanda verði einungis rutt úr vegi af þar til gerðum yfirvöldum sem beri jafnframt þá skyldu að skapa þroskavænleg uppvaxtarskilyrði.

Sú rannsókn sem hér var kynnt er háð ýmsum annmörkum sem taka þarf tillit til við túlkun niðurstaðna. Í fyrsta lagi er hér um þversniðsrannsókn að ræða sem hlítir veikleikum rannsóknarsniðsins, einkum þeim að ólíkir hópar eru bornir saman á einum tímapunkti. Því er ekki hægt að draga ályktanir um annað en einmitt þá hópa á þeim tíma og eins hitt að fylgni milli breyta segir ekki til um orsakasamband milli þeirra. Einnig er það veikleiki þessarar rannsóknar að þótt úrtakið sé stórt og að vandað hafi verið til verka við val á þátttakendum þá var leitað svara hjá einungis um helmingi árgangsins í landinu.

Þrátt fyrir þessar takmarkanir er vert að fhuga þær niðurstöður rannsóknarinnar sem benda til að lífsánægja samkynhneigðra íslenskra unglunga sé marktækt lakari en gagnkynhneigðra og að slíkt kunni að skýrast að einhverju leyti af lakari tengslum þeirra við foreldra (bæði kyn), skóla (bæði kyn) og besta vin (strákar). Svipaðar niðurstöður má sjá í nýlegum erlendum rannsóknum um líðan samkynhneigðra unglunga í skólum (sjá t.d. Kosciw, Greytak og Diaz, 2009) og tengsl þeirra við þá sem mestu máli skipta, þ.e. heimili, skóla og vini (sjá t.d. Saewyc, Homma, Skay, Bearinger, Resnick og Reis, 2009). Í ljósi þessa draga höfundar þá ályktun að frekari rannsókna á aðstæðum og líðan samkynhneigðra unglunga á Íslandi sé þörf.

Adolescent health survey: Sexual orientation and perceived life-satisfaction

The main purpose of this study was to compare self-assessed life-satisfaction of homosexual and heterosexual adolescents. We used data from the Icelandic part of an international study on health and behaviour of school-aged children that started as an initiative of the World Health Organization. Half of all 10th grade students in Iceland answered a questionnaire where sexual orientation was identified. Student's life-satisfaction was measured using a visual analogue scale. Around 2% of both girls and boys reported romantic feelings for someone of the same sex and 2% of boys and 1% of girls reported same-sex experience (intercourse). Girls that reported same sex romantic feelings were significantly less satisfied with their life. Both boys and girls that reported same sex experience had lower life-satisfaction scores. Our results indicate that homosexual adolescents have lower life-satisfaction than their heterosexual counterparts. Lesbian girls seem especially affected.

Keywords: Adolescence, sexual orientation, life-satisfaction, minority stress.

Sigrún Sveinbjörnsdóttir is Senior Lecturer of Psychology, Thoroddur Bjarnason is Professor of Sociology, Arsaell M. Arnarsson is Senior Lecturer of Psychology and Andrea Hjalmsdóttir is Lecturer of Sociology at School of Humanities and Social Sciences, University of Akureyri, Iceland. Correspondance concerning this article should be addressed to Dr. Sigrún Sveinbjörnsdóttir, University of Akureyri, Solborg, Nordurslod 2, 600 Akureyri, Iceland. E-mail: sigrunsv@unak.is.

Heimildaskrá

- Ball, R. og Chernova, K. (2008). Absolute income, relative income, and happiness. *Social Indicators Research*, 88, 497-529.
- Bronfenbrenner, U. og Morris, P. (2006). The ecology of developmental processes. Í W. Damon og R.M. Lerner (Ritstjórar), *Handbook of child psychology* (6.útg., bls. 793-828). New York: Wiley.
- Cantril, H. (1965). *The pattern of human concern*. New Brunswick, NJ: Rutgers University Press.
- Clarke, V. og Peel, E. (2007). *Out in psychology: Lesbian, gay, bisexual and queer perspectives*. West Sussex, England: John Wiley & Sons.
- Currie, C., Gabhain, S., Godeau, E., Roberts, C., Smith, R., Currie, D., Pickett, W., Richter, M., Morgan, A., & Barnekow, V. (2008). *Inequalities in young people's health. HBSC international report from the 2005/2006 survey* (Skýrsla). Copenhagen: World Health Organization.
- Currie, C., Samdal, O., Boyce, W., & Smith, R. (2001). *Health behaviour in school-age children: A WHO cross-national study*. Edinburgh: Child & Adolescent Health Research Unit.
- Deaton, A. og Arora, R. (2009). Life at the top: The benefits of height. *Economics and Human Biology*, 7, 133-136.
- Desousa, C., Murphy, S., Roberts, C. og Anderson, L. (2008). School policies and binge drinking behaviours of school-aged children in Wales - a multilevel analysis. *Health Education Research*, 23, 259-271.
- Faulkner, A.H. og Cranston, K. (1998). Correlates of same-sexual behavior in a random sample of Massachusetts high school students. *American Journal of Public Health*, 88, 262-266.
- Garofalo, R., Wolf, R. C., Kessel, S., Palfrey, J. og DuRant, R. H. (1998). The association between health risk behaviors and sexual orientation among school-based sample of adolescents. *Pediatrics*, 101, 895-1002.
- Gilman, S.E., Cochran, S.D., Mays, V.M. og Hughes, M. (2001). Risk of psychiatric disorders among individuals reporting same-sex sexual partners in the national comorbidity survey. *American Journal of Public Health*, 91, 933-939.
- Hanner, H. (2002). *Psykisk hälsa och ohälsa hos ungdomar 16-24 år som attraheras av personer av sitt eget kön. En enkätundersökning*. Óbirt doktorsritgerð, Stokkhólmur: Stockholms Universitet.
- Hegna, K., Kristiansen, H.W., Moseng, B.U. (1999). *Levekår og livskvalitet blant lesbiske kvinner og homofile menn* (Rannsóknarskýrsla nr.1). Oslo: Norsk institutt for forskning om oppvekst, velferd og aldring (NOVA).

- Hegna, K. og Rossow, I. (2007). What's love got to do with it? Substance use and social integration for young people categorized by same-sex experience and attractions. *Journal of Drug Issues*, 37, 129-255.
- Hermann, C.P. (2007). The degree to which spiritual needs of patients near the end of life are met. *Oncology Nursing Forum*, 34, 70-78.
- Iannotti, R.J., Janssen, I., Haug, E., Kololo, H., Annaheim, B. og Borraccino, A. (2009). Interrelationships of adolescent physical activity, screen-based sedentary behaviour, and social and psychological health. *International Journal of Public Health*, 54, 191-198.
- Igartua, K., Thombs, B., Burgos, G. og Montoro, R. (2009). Concordance and discrepancy in sexual identity, attraction, and behavior among adolescents. *Adolescent Health*, 45, 602-608.
- Kelleher, C. (2009). Minority stress and health: Implications for lesbian, gay, bisexual, transgender, and questioning (LGBTQ) young people. *Counselling Psychology Quarterly*, 22, 373-379.
- Kohout, Frank J. (1974). *Statistics for social scientists*. New York: John Wiley and Sons.
- Kosciw, J.G., Greytak, E.A. og Diaz, E.M. (2009). Who, what, where, when, and why: Demographic and ecological factors contributing to hostile school climate for lesbian, gay, bisexual, and transgender youth. *Journal of Youth and Adolescence*, 38, 976-988.
- Lesbian, Gay, and Bisexual (LGB) Youth Sexual Orientation Measurement Work Group (2003). *Measuring sexual orientation of young people in health research*. Gay and Lesbian Medical Association: San Francisco, California.
- Martinussen, T.B., Vittersö, J. og Saini, S. (2009). Sexual orientation and quality of life among university students from Cuba, Norway, India, and South Africa. *Journal of Homosexuality*, 56, 665-669.
- Meyer, I.H. (2003). Prejudice, social stress, and mental health in lesbian, gay, and bisexual populations: Conceptual issues and research evidence. *Psychological Bulletin*, 129, 674-697.
- Molcho, M., Nic Gabhainn, S., Kelly, C., Friel, S. og Kelleher, C. (2007). Food poverty and health among schoolchildren in Ireland: findings from the Health Behaviour in School-aged Children (HBSC) study. *Public Health Nutrition*, 10, 364-370.
- Morrison, L.L. og L'Heureux, J. (2001). Suicide and gay/lesbian/bisexual youth: Implications for clinicians. *Journal of Adolescence*, 24, 39-49.
- Pendragon, D.K. (2010). Coping Behaviors among Sexual Minority Female Youth. *Journal of Lesbian Studies*, 14, 5 - 15.
- Pouwels, B., Siegers, J. og Vlasblom, J.D. (2008). Income, working hours, and happiness. *Economic Letters*, 99, 72-74.

- Remafedi, G., French, S., Story, M., Resnick, M.D. og Blum, R. (1998). The relationship between suicide risk and sexual orientation: Results of a population-based study. *American Journal of Public Health*, 88, 57-60.
- Réttur samkynhneigðra á Íslandi. (án ártals). *Mannréttindaskrifstofa Íslands*. Sótt 17.janúar 2010 af www.humanrights.is/mannrettindi-og-island/hopar/samkynhneigdir/
- Rosario, M., Schrimshaw, E.W., Hunter, J. (2009). Different Patterns of Sexual Identity Development Over Time: Implications for the Psychological Adjustment of Lesbian, Gay, and Bisexual Youths. *Journal of Sex Research*, 1559-8519.
- Russell, S.T., Driscoll, A.K. og Truong, N.L. (2002). Adolescent same-sex romantic attractions and relationships: Implications for substance use and abuse. *American Journal of Public Health*, 92, 198-202.
- Russell, S.T., Franz, B.T. og Driscoll, A.K. (2001). Same-sex romantic attraction and experiences of violence in adolescence. *American Journal of Public Health*, 91, 903-906.
- Russell, S.T. og Joyne, K. (2001). Adolescent sexual orientation and suicide risk: Evidence from a national study. *American Journal of Public Health*, 91, 1276-1281.
- Russell, S.T., Seif, H. og Truong, N.L. (2001). School outcomes of sexual minority youth in the United States: Evidence from a national study. *Journal of Adolescence*, 24, 111-127.
- Rutter, M. (2006). *Genes and behavior: nature - nurture interplay explained*. Oxford: Blackwell.
- Saewyc, E.M., Bauer, G.R., Skay, C.L., Bearinger, L.H., Resnic, M.D., Reis, E. og Murphy, A. (2004). Measuring sexual orientation in adolescent health surveys: Evaluation of eight school-based surveys. *Journal of Adolescent Health*, 35, 345.e1-15.
- Saewyc, E.M., Homma, Y., Skay, C.L., Bearinger, L.H., Resnick, M.D. og Reis, E. (2009). Protective factors in the lives of bisexual adolescents in North America. *American Journal of Public Health*, 99, 110-117.
- Santrock, J.W. (2008). *Adolescence (12. útg.)*. Boston: McGraw Hill.
- Savin-Williams, R.C. (2001). A critique of research on sexual -minority youths. *Journal of Adolescence*, 24, 5-13.
- Sigrún Sveinbjörnsdóttir (2003). Sonur minn er hommi; reynslusaga með fræðilegu ívafi. Í Rannveig Traustadóttir og Þorvaldur Kristinsson (Ritstjórar), *Samkynhneigðir og fjölskyldulíf* (bls. 168-184), Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigrún Sveinbjörnsdóttir (2005). Maður með mönnum; að lifa í sátt við sig og sína. Í Ólafur Páll Jónsson og Albert Steinn Guðjónsson (Ritstjórar), *Andspænis sjálfum sér; samkynhneigð ungmenni, ábyrgð og innsæi fagstétta* (bls. 7-20), Reykjavík: Fræðslunet Suðurlands og Háskólaútgáfan.

- Statens Folkhälsoinstitut (2005). *Homosexuellas, bisexuellas och transpersoners hälsosituation: Återrapportering av regeringsuppdrag att undersöka och analysera hälsosituationen bland hbt-personer* (Rannsóknarskýrsla nr. A 2005:19). Sótt 13. apríl 2006 af www.fhi.se
- Stærsta gangan til þessa. (2009, 8. ágúst). *Morgunblaðið*. Sótt 17. janúar 2010 af www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2009/08/08/staersta_gangan_til_thesa
- Þorvaldur Kristinsson (2003). Samkynhneigð og löggjöf á Íslandi – stutt ágríp. Í Rannveig Traustadóttir og Þorvaldur Kristinsson (Ritstjórar), *Samkynhneigðir og fjölskyldulíf* (bls. 258-262), Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Þorvaldur Kristinsson (án ártals, a). *Samkynhneigð og íslensk löggjöf*. Sótt 17. janúar 2010 af www.gaypride.is/Index/UmHinsegindaga/Islenklog/
- Þorvaldur Kristinsson (án ártals, b). *Brot úr sögu samkynhneigðra á Íslandi*. Sótt 17. janúar 2010 af interpride.disill.is/Index/GayPride/Hinsegindagar/Sogubrot/view.aspx.
- Þóroddur Bjarnason, Stefán H. Jónsson, Kjartan Ólafsson, Andrea Hjálmsdóttir og Aðalsteinn Ólafsson. (2006). *Heilsa og lífskjör skólanema 2006*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Þórólfur Þórlindsson og Þóroddur Bjarnason. 1998. Modeling Durkheim on the micro level: A study of youth suicidality. *American Sociological Review*, 63, 94–110.
- van Kooten, M., de Ridder, D., Vollebergh, W. og van, Dorsselaer, S. (2007). What's so special about eating? Examining unhealthy diet of adolescents in the context of other health-related behaviours and emotional distress. *Appetite*, 48, 325-332.
- Winzer, R. og Boström, G. (2007). Psykisk ohælsa, sjálmordstankar og sjálmordsförsök bland homosexuella, bisexuella og transpersoner (hbt) – resultat frá tvá svenska undersóknningar. *Suicidologi*, 12, 10-13.